



VINNA OG VIRKNI

Átak til atvinnu 2013

Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs

Tillögur kynntar á fundi SÍS 14.11.2012

Bráðabirgðaákvæðið fellur niður um áramót, valkostir:

- Leið A: Að gera ekkert
- Leið B: Að framlengja bótarétt tímabundið á ný
- Leið C: Að skapa þeim einstaklingum sem í hlut eiga tækifæri til endurkomu inn á vinnumarkað



Hópar skilgreindir út frá bótarétti

Hópur A:

Þeir sem hafa tæmt eða munu tæma bótarétt frá 1. september 2012 til áramóta(350 manns)

Hópur C:

Þeir sem að óbreyttu tæma bótarétt sinn á árinu(1.950 manns)

Hópur B:

Þeir sem tæma bótarétt um áramót að óbreyttu(1.500 manns)

Hópur D:

Atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga án bótaréttar hjá sjóðnum(1.400 manns)

Leið A

- Þúsundir einstaklinga líklegir til að falla varanlega af vinnumarkaði yfir á:
 - Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga
 - Endurhæfingarlífeyri
 - Örorku
- Milljarðakostnaður fyrir sveitarfélögin
- Skammtímasparnaður fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð
- Gríðarlegur langtímakostnaður ríkis í formi aukinnar örorku
- Óbærileg sóun á mannauð og samfélagslegur harmleikur...

Leið B: Framlenging 36 í 48 mánuði eða skemur

- Tekur einungis til hluta atvinnuleitenda sem eru að tæma rétt sinn. Skilur eftir þá sem þegar hafa misst sinn rétt nú í haust(48+).
- Mætir ekki þörfum þeirra sem tæma rétt sinn á árinu þrátt fyrir framlengingu og myndu falla af bótum á árinu(48+)
- Mætir ekki þörfum þess hóps atvinnuleitenda sem eru á fjárhagsaðstoð án bótaréttar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði
- Tiltækt fjármagn nýtt til greiðslu bóta. Takmarkar fjármagn til virkni og úrræða. Ávísun á óvirkni.
- Einungis frestun á vandanum.

Leið C: Vinna og virkni-markmið

- Að virkja atvinnuleitendur sem hafa fullnýtt eða munu að óbreyttu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins til þátttöku að nýju á vinnumarkaði og koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni.

Vinna og virkni

Kostnaður og fyrirvarar

- Kostnaður Atvinnuleysis-tryggingasjóðs er áætlaður 2,7 milljarðar króna
- Fyrirvarar við tillöguna:
 - Fjármögnun verði tryggð
 - Háð samþykki stjórnar sjóðsins, ríkisstjórnar og Alþingis
 - Þátttaka sveitarfélaga verði almenn



Megininntak

- Atvinnuleitendum sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá **1. september 2012 fram til 31. desember 2013** verði öllum boðin starfstengd vinnumarkaðsúrræði á árinu 2013, **samtals 3.700 atvinnuleitendum.**

Vinna og virkni: Starfstengd vinnumarkaðsúrræði

1. Vinna fyrir alla þá sem eru vinnufærir og vilja vinnu
2. Atvinnutengd endurhæfing fyrir þá sem eru óvinnufærir
3. Framfærslustyrkur náist ekki að bjóða starfstengd vinnumarkaðsúrræði
4. Lögboðin þjónusta VMST/Starfs við alla atvinnuleitendur tryggð óháð bótarétti



Vinna og virkni: Önnur lykilatriði

5. Skýrari heimildir sveitarfélaga við að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni.
6. Stóraukin áhersla á greiningarviðtöl og ráðgjöf.
7. Sérstök verkefnastjórn.



Vinna fyrir vinnufæra

- Ef áætlað er að 60% taki tilboði um störf þurfa samtals 2.200 sex mánaða starfstengd vinnumarkaðsúrræði að vera í boði á árinu 2013.
- Almenni vinnumarkaðurinn skapi 1.320 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (60%)
- Ríkið skapi 220 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (10%)
- Sveitarfélög munu skapa að lágmarki 660 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (30%)

Áætlun um dreifingu lágmarksfjölda starfa á árinu 2013

Tímabili	Almenni vinnumarkaðurinn	Ríki	Sveitarfélög
Fyrir 1. janúar	165	28	83
Fyrir 1. febrúar	165	28	83
Fyrir 1. mars	165	28	83
Fyrir 1. apríl	165	28	83
Fyrir 1. maí	165	28	83
Fyrir 1. júní	165	28	83
Fyrir 1. ágúst	165	28	83
Fyrir 1. október	165	28	83
SAMTALS:	1.320	220	660

Styrkir til sköpunar nýrra starfa fyrir langtímaatvinnuleitendur

Mikilvægt er að sem flest starfstengd vinnumarkaðsúrræði verði til sem fyrst á árinu 2013. Verður því greitt sem nemur:

- **100% af grunnatvinnuleysisbótum** ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð til vinnuveitanda með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem verður til á tímabilinu **desember 2012 til og með mars 2013;**
- **90% af grunnatvinnuleysisbótum** ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð til vinnuveitanda með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem verður til á tímabilinu **apríl og maí 2013;**
- **80% af grunnatvinnuleysisbótum** ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði sem verður til í júní eða **síðar á árinu 2013.**

Atvinnutengd endurhæfing fyrir óvinnufæra

Fyrri reynsla bendir til að gera megi ráð fyrir að allt að 25% hópsins sé ekki vinnufær eða samtals 900 einstaklingar sem þurfi þar af leiðandi á atvinnutengdri endurhæfingu að halda, svo sem hjá VIRK, starfsendurhæfingarsjóði.

- Af þeim fjölda má áætla að um **380 einstaklingar** eigi enn rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins og geti á grundvelli samnings um atvinnutengda endurhæfingu fengið slíka þjónustu.
- Á grundvelli sambærilegs samnings verði unnt að veita **520 einstaklingum** sem ekki eru lengur tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins framfærslustyrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem nemur þeim rétti sem hann/hún átti áður innan kerfisins.

Framfærslutrygging

Tryggður verði framfærslustyrkur náist ekki að bjóða starfstengd vinnumarkaðsúrræði áður en atvinnuleitendur hafa samtals verið 42 mánuði innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

- Atvinnuleitandi sem hefur verið tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins samtals skemur en 42 mánuði 1. janúar 2013 geti fengið framfærslustyrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem nemur þeim rétti sem hann/hún átti áður innan kerfisins.
- Styrkurinn skal háður því að viðkomandi hafi ekki hafnað því virkni- eða atvinnuúrræði sem honum/henni stóð til boða. Heimilt er að greiða styrkinn í allt að sex mánuði en aldrei lengur en að því tímamarki að viðkomandi er boðið starfstengt vinnumarkaðsúrræði. Heildargreiðslutími innan atvinnuleysistryggingakerfisins getur þó aldrei orðið lengri en samtals 42 mánuðir.

Sveitarfélög skapi störf innan tímamarka

Gerður verði sérstakur samningur við hvert þeirra sveitarfélaga sem hafa atvinnuleitendur í þeim hópi sem þessar aðgerðir ná til um að þau skapi sem nemur 30% af starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum fyrir þá atvinnuleitendur sem þar eiga lögheimili. Miðað er við að 60% atvinnuleitenda taki starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum. Í þeim tilgangi að skapa starfstengd vinnumarkaðsúrræði er sveitarfélögum heimilt að gera samninga við frjáls félagasamtök um slík úrræði. Hvert sveitarfélag verður að taka mið af áætlun um dreifingu starfa.

- Dæmi : Reykjavík -1.569 atvinnuleitendur-60% eru 941 atvinnuleitandi-Reykjavíkurborg skapi 282 störf
- Eftirfarandi sveitarfélög hafa fleiri en 20 atvinnuleitendur í þessum hópi: Reykjavík (1.569); Kópavogur (369); Hafnafjörður (302); Reykjanesbær (288); Garðabær/sveitarfélagið Álftanes (116); Sveitarfélagið Árborg (97); Akureyri (93); Mosfellsbær (92); Sandgerði (37); Akranes (35); Fjarðarbyggð (31); Seltjarnarnes (31); Grindavíkurbær (29); Hveragerði (29); Garðurinn (22); Vogar (22), Borgarbyggð (22).

Skýrari heimildir sveitarfélaga við að skilyrða fjárhagsaðstoð

Velferðarráðherra skipi starfshóp sem fari yfir fram komnar óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og geri tillögur til ráðherra eigi síðar en 15. desember nk. um skýrari heimildir til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni. Starfshópin skipi þrjú fulltrúar velferðarráðuneytis, þrjú fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi samtaka félagsmálastjóra en einn af fulltrúum velferðarráðuneytisins skal vera formaður nefndarinnar.

Lögboðin þjónusta við alla atvinnuleitendur tryggð

1. Áætlaður fjöldi atvinnuleitenda sem njóta framfærslu sveitarfélaga er 1.500. Þessi hópur geti leitað til Vinnumálastofnunar og fengið þar greiningarviðtöl og ráðgjöf eins og aðrir þeir sem eru í atvinnuleit og fá þjónustu hjá stofnuninni. Mikilvægt er að gott samstarf verði milli ráðgjafa Vinnumálastofnunar og félagsráðgjafa sveitarfélaga um þjónustu við þessa atvinnuleitendur. Miðað er við að Vinnumálastofnun hefji þessa þjónustu sem fyrst á árinu 2013 en þó eigi síðar en í september.
2. Áfram er lögð áhersla á virkt samstarf um þjónustu við ungt fólk á aldrinum 16–25 ára sem nýtur fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og að í því sambandi verði skoðuð aðkoma fleiri sveitarfélaga að Atvinnutorgunum. Mikilvægt er að koma þeirri þjónustu á sem fyrst á árinu 2013.
3. Enn fremur verði komið á styrku samstarfi Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga og VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs, um ráðgjöf og þjónustu við þá sem þurfa á atvinnutengdri starfsendurhæfingu að halda.

Aukin áhersla á greiningarviðtöl og ráðgjöf

- Stórefling þjónustu hjá Vinnumálastofnun og STARFI, vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. svo unnt sé að veita öllum atvinnuleitendum viðeigandi þjónustu í því skyni að auka líkurnar á að þeir taki að nýju virkan þátt á vinnumarkaði.
 - Nauðsynlegt að fjölga ráðgjöfum og vinnumiðlunum hjá þessum aðilum en reynsla fyrri verkefna sýnir að of mikið álag er á ráðgjöfum. Er því lagt til að framlög til vinnumiðlunar og ráðgjafar verði aukin á árinu 2013.

Verkefnastjórn og endurmat

- Sett verði sérstök verkefnastjórn yfir verkefnið sem fylgir eftir framkvæmd þess og framkvæmir reglubundið mat á framgangi þess og áætlunum. Verkefnastjórn verði skipuð fulltrúum velferðarráðnneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, STARFS, vinnumiðlunar og ráðgjafar ehf., VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs, og samtökum aðila vinnumarkaðarins.
- Mikilvægt að verkefnið verði endurmetið reglulega með tilliti til þróunar útgjalda vegna framfærslustyrkja en það er ein af meginforsendum þess að hægt sé að veita því fjármagni sem áætlað er til virkniúrræða að þær áætlanir standist. Gert er ráð fyrir að slíkt endurmat fari fram eigi síðar en 1. maí 2013.